

Sp. 272. Tillaga til þingsályktunar [113. mál]

um stuðning við mannúðar- og vísindastarfsemi.

Flm.: Ragnhildur Helgadóttir, Björn Ólafsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að athuga, hvort unnt sé að auka fjárhagsstuðning við mannúðar- og vísindastarfsemi á Íslandi með því að gera framlög fólks til þeirra mála frádráttarhæf við álagningu tekjuskatts og útsvars.

Greinargerð.

Á tveimur undanförunum þingum og árið 1943 hafa verið flutt frv. um, að gjafir frá skattgreiðendum til ýmiss konar starfsemi, m. a. vísinda- og mannúðarmála, mættu koma til frádráttar við álagningu skatta.

Fullvist má telja, að þess konar heimild mundi stórauka stuðning manna við þessi mál og efla almennan áhuga fyrir þeim. Sums staðar erlendis eru ýmsar menningarstofnanir beinlínis grundvallaðar á framlögum áhugafólks, sem aftur er leyst frá því að þurfa að greiða hinu opinbera skatta af þeim tekjum, sem þannig er varið. Ef þessi framlög kæmu ekki til, þyrfti í ríkara mæli beinan opinberan stuðning.

Þar sem heimild þessi er í lögum, er hún takmörkuð þannig, að frádráttur er leyfður, fari gjöfin ekki fram úr vissum hundradshluta af tekjum gefanda.

Einnig eru stofnanir þær, sem stuðnings njóta á þennan hátt, skrásettar hjá hinu opinbera.

Margt gott hefur verið unnið á okkar landi á sviði mannúðar og vísinda þrátt fyrir erfiðar aðstæður. Enn er þó mikillar uppbyggingar þörf á þessum sviðum, og væri til miklla bóta, ef ríkisvaldið gæti hér komið til móts við áhuga almennings. Þessi þáttill. er flutt til þess, að athuguð verði sú leið, sem hér er bent á.